

Kjarasamningur

Milli Dressmann á Íslandi ehf

og VR

1. grein.

Núgildandi kjarasamningur VR við Samtök atvinnulífsins dags. 1. apríl 2019 gildir sem kjarasamningur milli aðila þessa samnings og gildir til 1. nóvember árið 2022 með þeim breytingum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

2. grein.

Launataxtar skulu vera sem hér segir :

01. apríl 2019	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátíðarálag
Byrjunarlaun	324.485,00	1.908,74	3.369,78	4.461,67
Eftir 6 mánuði í starfi	326.544,00	1.920,85	3.391,16	4.489,98
Eftir 2 ár í starfi	327.659,00	1.927,41	3.402,74	4.505,31
Eftir 3 ár í starfi	335.351,00	1.972,65	3.482,62	4.611,08

01. janúar 2020	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátíðarálag
Byrjunarlaun	324.485,00	1.932,15	3.369,78	4.461,67
Eftir 6 mánuði í starfi	326.544,00	1.944,41	3.391,16	4.489,98
Eftir 2 ár í starfi	327.659,00	1.951,05	3.402,74	4.505,31
Eftir 3 ár í starfi	335.351,00	1.996,85	3.482,62	4.611,08

01. apríl 2020	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátíðarálag
Byrjunarlaun	348.485,00	2.075,06	3.619,02	4.791,67
Eftir 6 mánuði í starfi	350.544,00	2.087,32	3.640,40	4.819,98
Eftir 2 ár í starfi	351.659,00	2.093,96	3.651,98	4.835,31
Eftir 3 ár í starfi	359.351,00	2.139,76	3.731,86	4.941,08

01. janúar 2021	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátíðarálag
Byrjunarlaun	372.485,00	2.217,96	3.868,26	5.121,67
Eftir 6 mánuði í starfi	374.544,00	2.230,23	3.889,64	5.149,98
Eftir 2 ár í starfi	375.659,00	2.236,86	3.901,22	5.165,31
Eftir 3 ár í starfi	383.351,00	2.282,67	3.981,10	5.271,08

01. janúar 2022	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátíðarálag
Byrjunarlaun	397.485,00	2.366,83	4.127,88	5.465,42
Eftir 6 mánuði í starfi	399.544,00	2.379,09	4.149,26	5.493,73
Eftir 2 ár í starfi	400.659,00	2.385,73	4.160,84	5.509,06
Eftir 3 ár í starfi	408.351,00	2.431,53	4.240,73	5.614,83

36
2022

Lausráðið starfsfólk sem vinnur ekki eftir vaktaskipulagi samkvæmt 3. gr. samnings þessa, skal hafa lágmarks tímakaup á laugardögum kr. 3.369,78 frá 1. apríl 2019, kr. 3.619,02 frá 1. apríl 2020, kr. 3.868,26 frá 1. janúar 2021 og kr. 4.127,88 frá 1. janúar 2022. (grunntaxti í yfirvinnu kjarasamningi VR og SA) á sunnudögum er greiddur yfirvinnutaxti skv. samningi þessum.

Þetta á ekki við núna. Deildarstjórar skulu taka 15% hærri laun en almennt afgreiðslufólk.

Fyrir uppgjör kassa í lok vinnudags greiðist föst greiðsla, 1 klukkutími í yfirvinnu.

3. grein.

Um vinnutíma

Fastráðið starfsfólk vinnur eftir eftirfarandi tvískiptu vaktaskipulagi sem gengur upp á tveimur vikum.

Dagvinnutími fastráðinna starfsmanna er á tímabilinu frá kl. 09:00 til kl. 20:00 á virkum dögum og kl. 09:00 til kl. 18:00 á laugardögum. Dagvinnustundir geta þá aldrei orðið fleiri en 39,5 klst. á viku. Frá 1. janúar 2020 er vikulegur vinnutími 38,75 klst. Aðilar skulu hafa samráð um tillögu að útfærslu á þessari vinnutímastyttingu eins og fram kemur í aðakjarasamningi VR og SA. Dagvinnutími lausráðinna starfsmanna er frá 09:00 til 20:00 á virkum dögum, á laugardögum greiðist lausráðnum starfsmönnum lágmarks tímakaup samkvæmt 2. gr. samnings þessa frá kl. 09:00 til 18:00.

Heildarstundir í dagvinnu á mánuði eru 171,15 stundir. Frá 1. janúar 2020 eru heildar dagvinnustundir í mánuði 167,94 stundir.

Deilitala fyrir dagvinnulaun er 170, frá 1. janúar 2020 verður deilitalan 167,94

Vaktafyrirkomulag er skv. gildandi vaktskrá í hverri verslun fyrirtækisins, sbr. meðfylgjandi fylgiskjöl með samningi þessum.

Yfirvinna reiknast sem 1.0385 % af föstum mánaðarlaunum fyrir dagvinnu hjá hverjum starfsmanni.

4. grein.

Um matar- og kaffitíma

Matartími er 30 mínútur á tímabilinu 12:00- 14:00.

Kvöldmatartími er á tímabilinu frá 20:00 til 21:00.

Kaffitími er 35 mínútur á hverjum 8 stundum, ef unnið er skemur en 8 stundir reiknast lengd kaffitíma hlutfallslega.

5. grein.

Menntamál

Fyrirtækið skal í samráði við starfsmenn á markvissan hátt miða að því að auka færni og faglega þekkingu starfsmanna og stuðla að aukinni hagræðingu innan fyrirtækisins. Starfsmenn skulu eiga rétt á að sækja eitt námskeið á ári til að auka hæfni í starfi skv. nánara samkomulagi við vinnuveitanda, án skerðingar launa.



6. grein.
Ráðningarsamningar

Fyrirtæki ber að gera skriflegan ráðningarsamning við starfsmenn á eyðublöðum sem samningsaðilar eru sammála um. Sjá bókun 1.

7. grein.

Samningur þessi gildir frá 1. apríl 2019 til 1. nóvember árið 2022 án sérstakrar uppsagnar.


Reykjavík 31. maí 2019

Fh. VR

með fyrirvara um samþykki starfsmanna



F.h. Dressmann á Íslandi ehf.



Bókun 1

Ráðningarsamningur

Fyrirtæki	Nafn, kennitala, heimili, sími
Uppl. um starfsmann	Nafn, kennitala, lögheimili, aðsetur (ef annað), sími, nánasti aðstandandi.
Starfssvið	Starfsheiti, vinnustaður, fyrsti starfsdagur
Vinnutími	Fullt starf/hlutastarf, samkvæmt meðfylgjandi samningi VR og Dressmann, vaktavinna/íhlaupavinna. Starfsmanni er ljóst að afgreiðslutími verslunar og dagvinnutími starfsmanna er lengri en almennt tíðkast. Gerður hefur verið sérstakur kjarasamningur milli VR og Dressmann um laun og vinnutíma.
Laun	Samkvæmt kjarasamningi VR og Dressmann/samkvæmt samkomulagi, laun kr. á mánuði..., tímakaup í; dagvinnu, yfirvinnu, laugardagsvinnu frá kl. 09:00 til 18:00 hjá íhlaupastarfsmönnum, greiðslufyrirkomulag; mánaðarlega, ávísun/bankareikning...
Ráðningartími	ótímabundinn/tímabundinn... og lýkur þá ráðningu án uppsagnar/ráning til ákveðins verkefnis sem er.... og lýkur þá ráðningu án uppsagnar.
Uppsagnarfrestur	Samkvæmt kjarasamningi
Orlof	Samkvæmt kjarasamningi
Veikindaréttur	Samkvæmt kjarasamningi
Kjarasamningur	Kjarasamningur VR og Dressmann og kjarasamningur VR og VSI. Lífeyrissjóður er: Lífeyrissjóður verzlunarmanna, stéttarfélag er: VR.
Fatnaður	Starfsmaður skal klæðast Dressmann fatnaði við vinnu sína á afgreiðslutíma verslunar. Sérstakur 60% afsláttur er veittur af vinnufatnaði. Hér um ræðir alklæðnað með þessum kjörum tvisvar á ári fyrir alla starfsmenn. Við kaup á fatnaði fyrir sig og heimilismenn sína fær starfsmaður % afslátt af útsöluverði vara. Starfsmanni er óheimilt að fá lánaðar vörur úr versluninni.
Þagnarskylda	Starfsmaður er bundinn þagnarskyldu um öll málefni vinnuveitanda sem hann fær vitneskju um í starfinu sem eðlilegt er að leynt fari.
Dagsetning...	